

## Reglur Garðabæjar um rafræna vöktun öryggismyndavéla

Garðabær hefur sett sér eftirfarandi reglur um rafræna vöktun öryggismyndavéla. Rafræn vöktun nær bæði til vöktunar þar sem persónuupplýsingar eru geymdar og hugsanlega unnar frekar og vöktunar sem fer fram í rauntíma án þess að fram fari söfnun myndefniseða vinnsla persónuupplýsinga. Byggja reglurnar á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og reglum nr. 837/2006 um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem til verða við rafræna vöktun.

### 1. gr. Umfang vöktunar

Garðabær hefur sett upp stafrænar myndavélar hjá stofnunum sínum þar sem rafræn vöktun er talin nauðsynleg á grundvelli öryggis eða eignavörslu, sbr. 2. gr. reglnanna.

Er myndarvélum almennt komið upp innanhúss; í anddyrum, miðrymum og öðrum opnum rýmum, og utandyra.

Þeir staðir þar sem vöktun fer fram eru merktir með skýrum hætti. Vöktunin og reglur þessar eru kynntar þeim sem vöktun hefur áhrif á, hvort sem um ræðir nemendur, foreldra og/eða starfsmenn.

### 2. gr. Tilgangur

Tilgangur með rafrænni vöktun er að varna að eigur í eigu Garðabæjar séu skemmdar og að farið sé um byggingar eða aðrar eigur í leyfisleysi og til að stuðla að öryggi á þessum svæðum.

Reglunum er ætlað að tryggja meðalhóf, virða einkalífsrétt þeirra sem sæta vöktun og ganga ekki lengra en nauðsyn ber til.

### 3. gr. Meginreglur sem gilda um rafræna vöktun

Persónuupplýsingar sem verða til við rafræna vöktun skal fara með í samræmi við 8. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Skulu upplýsingar unnar með sanngjörnum, málefnalegum og lögmætum hætti og öll meðferð þeirra samrýmast vönduðum vinnsluháttum persónuupplýsinga.

Upplýsingunum er safnað í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi, sbr. 2. gr. reglnanna og eru ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi.

Upplýsingum sem safnað er skulu vera nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.

### 4. gr. Varðveisla persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun

Upplýsingum sem verða til við rafræna vöktun skal eytt um leið og ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita þær.

Upplýsingar sem verða til við rafræna vöktun eru aldrei varðveittar lengur en í 90 daga nema lög heimili eða dómsúrskurður liggi fyrir. Forstöðumönnum stofnana hjá Garðabæ, þar sem rafræn vöktun

öryggismyndavéla fer fram, ber að tryggja að gagnatakmarkanir geri ráð fyrir yfirskrift á stafrænum upptökum áður en 90 daga varðveislu er náð.

#### **5. gr. Skoðun persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun**

Myndefni úr stafrænum myndavélum verður eingöngu skoðað ef upp koma atvik er varða eignavörslu eða öryggi einstaklinga, s.s. þjófnaður, skemmdarverk eða slys. Einungis forstöðumenn stofnana og þeir sem til þess hafa leyfi hjá Garðabæ geta skoðað upptökurnar og skulu þeir hafa undirritað trúnaðar- og þagnarskylduylýsingu vegna starfa sinna. Skrásetja skal skoðun á uppteknu efni og skulu ávallt tveir starfsmenn/forstöðumenn vera saman við skoðun efnis úr rafrænum öryggismyndavélum.

Berist krafa frá aðila um skoðun gagna sem hafa orðið til við rafræna vöktun, skulu gögn skoðuð og gengið úr skugga um að upptaka sé af aðila. Ef svo er þá er honum heimilað að skoða efnið eigi síðar en innan eins mánaðar frá móttöku erindis. Séu aðrir persónugreinanlegir einstaklingar á upptöku skal þeim að jafnaði veittur kostur á að vera viðstaddir skoðun. Komi upp ágreiningur, m.a. vegna hagsmuna þriðju aðila, má vísa honum til úrlausnar Persónuverndar. Getur Persónuvernd þá lagt fyrir Garðabæ að varðveita gögn þar til niðurstaða hennar liggur fyrir.

Ef skoðun á myndefni leiðir í ljós að grunur sé um eignarspjöll, slys, slagsmál eða mögulega refsiverða háttsemi þar sem börn koma við sögu skal forsjáráðilum þeirra barna gert viðvart og þeim gerð grein fyrir möguleika á því að fá að vera viðstaddir skoðun á efni.

#### **6. gr. Afhending persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun**

Upptökur verða almennt ekki afhentar öðrum en lögreglu og þá ef um slys eða meintan refsiverðan verknað er að ræða. Óheimilt er að afhenda þriðja aðila upplýsingar sem safnast hafa með öryggismyndavélum nema með skýru samþykki þess sem upptaka er af eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar.

#### **7. gr. Andmæli við framkvæmd vöktunar**

Komi fram athugasemdir eða andmæli við framkvæmd vöktunar og/eða ábendingar um að hún uppfylli ekki þær kröfur sem settar eru í reglum þessum eða lögum skal hafa samband við persónuverndarfulltrúa Garðabæjar, með því að senda tölvupóst á netfangið [personuvernd@gardabaer.is](mailto:personuvernd@gardabaer.is) eða hringja í síma 525-8570.

#### **8. gr. Vöktun lögreglu og Neyðarlínu**

Reglur þessar gilda ekki um öryggismyndavélakerfi sem sett hefur verið upp í samstarfi við lögreglu og Neyðarlínuna utan stofnana Garðabæjar. Er aðkoma Garðabæjar við þá vöktun enda takmörkuð við kaup á búnaði, uppsetningu og merkingu.

Garðabær xx. febrúar 2018